

Fundargerð skólanefndar 8.apríl 2008

Fundur haldinn í skólanefnd Tálknafjarðarhrepps, á skrifstofu Tálknafjarðarhrepps Miðtúni 1, kl. 17.00, þriðjudaginn 8.apríl 2008.

Fundur settur, mættir undirritaðir og fyrirtekið:

1. Spurt var um hvernig skólastarfið gengi almennt og hvernig annarprófin komu út. Ingólfur og Björn töldu að prófin hefðu komið ágætlega út. Eins var spurt um hvernig sérfræðiþjónustan væri að virka og kom fram að allir væru ánægðir með þeirra störf.
2. Umsóknir um kennarastörf. Umsókn kom frá Nicolas Jacoup sem er franskur ríkisborgari hann hefur verið að læra íslensku í vetur, en hefur ekki náð tökum á að tala hana. Ingólfur ætlar að tala nánar við Nicolas þegar hann kemur til landsins og ætlar hann að athuga hvað prófin hans gilda á Íslandi. Þannig að ekki verður tekin afstaða til umsóknarinnar núna.
3. Ingólfur upplýsti hverjir vilja vera áfram í skólanum og hverjir ætla að hækta. Helga Sigríður hættir í vor, einnig Hulda Guðmundsdóttir. María Ragnars verður trúlega ekki, er að skipta um starf. Helga Birna vill minnka verulega við sig, jafnvel hætta.
4. Dreifmenntarverkefnið, stefnt er að því að það hefjist að nýju í haust í samstarfi við skóla á norðanverðu Snæfellsnesi.
5. Ingólfur lagði fram dagatal fyrir skólastarfi 2008-2009, til kynningar.

Fundargerð uppliesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18.25

Guðlaug S. Björnsdóttir (sign)

Birna Ben (sign)

Guðlaug Björgvinsdóttir (sign)

Björn Theodórsson (sign)

Sigurlaug Guðmundsdóttir (sign)

Ingólfur Kjartansson (sign)